



HANNESARHOLT

2024

Heimili



Heimsmarkmiðanna



HVAÐ ER HEIMILI HEIMSMARKMIÐANNA?



Heimili Heimsmarkmiðanna er samfélagsdrifið frumkvæði til aðgerða.

Hugtakið kom frá erlendum gestum okkar, fyrir nokkru síðan, sem sögðu slíkt heimili vanta og Hannesarholt væri kjörið í hlutverkið. Heimili Heimsmarkmiðanna er miðstöð upplýsinga, fræðslu og hvatningar um heimsmarkmiðin og sjálfbærni fyrir heimilin. Mikil áhersla hefur verið lögð á fyrirtæki, skóla og ríkisstofnanir til að innleiða sjálfbærari hætti, en stór hluti fólks fellur milli stafs og hurðar. Frá yfirvöldum koma boð og bönn sem eiga að leiða til umhverfisvænna og sjálfbærara samfélags.

En við getum axlað ábyrgð sjálf og verið stolt af því að vera hluti af lausninni með því að standa saman að því að bæta nærumhverfi okkar samkvæmt skilningi okkar á heimsmarkmiðunum.

Amber Nyström og Ralph Reutimann voru gestir Hannesarholts í Hannesarhorni á Grundarstíg 8, sem komu hingað í þeim tilgangi að skilja hvers vegna Íslendingar stæðu sig betur en aðrir í 5.heimsmarkmiðinu, kynjajafnrétti. Þau lærðu um arfleifð Hannesar Hafstein og í samræðum okkar bentu þau á að það vantaði stað þar sem almenningur gæti fræðst um heimsmarkmiðin. Hugmyndin að Heimili Heimsmarkmiðanna varð til.

EFNISYFIRLIT

AF HVERJU HANNESARHOLT?

UNDIRBÚNINGUR FUNDARAÐARINNAR

VIÐFANGSEFNI FUNDANNA

FUNDIRNIR

11.09.2024

ÁBYRGÐ NEYTANDANS

18.09.2024

AÐ KLÆÐA SIG SJÁLFBÆRT

25.09.2024

MATARSÓUN

02.10.2024

HVERS VIRÐI ER NÁTTÚRAN?

09.10.2024

AÐGENGI FATLAÐRA AÐ ÍSLENSKU SAMFÉLAGI

16.10.2024

GEÐHEILSA

23.10.2024

STAÐA KYNJAJAFNRÉTTIS

30.10.2024

GAGNKVÆM AÐLÖGUN: INNGILDING FLÓTTAFJÖLSKYLDNA

ÁFRAMHALDIÐ

MÖGULEIKAR Á SAMSTARFI


MÖGULEG UMRÆÐUEFNI

AF HVERJU HANNESARHOLT?

Hlutverk Hannesarholts er að varðveita sögu Heimastjórnartímabilsins og arfleið Hannesar Hafstein, efla jákvæða, gagnrýna hugsun í íslensku samfélagi, auka skilning á gildi sögunnar fyrir samtímann og framtíðina, og hvetja til uppbyggilegrar umræðu og samveru. Í Hannesarholti sækjum við í menningarminnið og tengjum kynslóðirnar með augun á fortíð, nútíð og framtíð.

Allar kynslóðir sækja Hannesarholt heim

Hvort sem gestir Hannesarholts eru að sækja tónleika, ráðstefnu, fyrirlestur, fund, myndlistarsýningu, veislu, hádegismat eða kaffisopa **eru gestir sammála um að það að stíga inn fyrir dyr Hannesarholts er eins og að koma inn á heimili.** Mikið hefur verið lagt í að varðveita heimilisandann á Grundarstíg 10. Þetta þægilega og heimilislega andrúmsloft gerir Hannesarholt að kjörnum vettvangi til að læra um sjálfbærni og heimsmarkmiðin fyrir heimilin.



SJÁLFBÆRNI

LEIÐARLJÓS Í REKSTRI HANNESARHOLTS

Hannesarholt hefur unnið markvist að því að minnka það sorp sem lendir í urðun. Árið 2018 voru 1760 kg frá Hannesarholti urðuð, 2023 voru það 0 kg. Einnig er lögð áhersla á að nýta hráefni úr nærumhverfi, en forðast hráefni sem hefur ferðast langar leiðir áður en það kemur til Íslands. Hlaðborð er aldrei í boði í húsinu, enda býður slík framreiðsla uppá óheyrilega matarsóun. Einnig eru innanstokksmunir notaðir, sparperur í öllum ljósum og einungis endurhlaðanlegar raflhöður nýttar.

HEIMILIÐ

HANNESARHOLT

Grundarstígur 10 var síðasta heimili Hannesar Hafstein. Hann lét byggja „brunahelt“ steinsteypuhús fyrir fjölskyldu sína, börnin sín, móður og tengdamóður. Þessi trausta bygging hefur verið heimili menningar í miðborginni undanfarinn áratug og nú með áherslu á sjálfbærni.

UNDIRBÚNINGUR FUNDARAÐARINNAR

Hannesarholt steig formlega fram sem Heimili Heimsmarkmiðanna haustið 2024 með viðburðaröð alla miðvikudaga í september og október. Forvinnan hófst í febrúar 2024 með rannsóknarvinnu. Sérstök áhersla var lögð á rannsóknir sem skoðuðu viðmót fólks til sjálfbærni og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og hvaða aðferðir væru vænlegastar til að miðla þessum upplýsingum til almennings. Ákveðið var að fundirnir yrðu í beinu streymi og eru enn aðgengilegir á Facebook og heimasíðu Hannesarholts.




VERKEFNASTJÓRI HEIMILIS HEIMSARKMIÐANNA

Magnús Hallur var ráðinn sem verkefnisstjóri Heimilis Heimsmarkmiðanna í byrjun árs 2024. Hann lauk meistaraþráðu í alþjóðasamskiptum árið 2023. Hann sá um skipulagningu, vali á umræðuefnum, fundarstjórum og ræðumönnum, og sá um umgjörð fundanna og markaðssetningu.

Undirbúningur verkefnisins Heimili Heimsmarkmiðanna í Hannesarholti hefur verið í höndum Arnheiðar Völu Magnúsdóttur, rekstarstjóra og dr. Ragnheiðar Jónu Jónsdóttur, menntunarfræðings og stofnanda Hannesarholts allt frá árinu 2019, þegar heftið *Fjalldrapi/ The Dwarf Birch* var gefið út af Hollvinum Hannesarholts.

VIÐFANGSEFNI FUNDANNA



Voluntary National Review (VNR) skýrsla forsætisráðuneytisins var höfð til hliðsjónar þegar umræðuefni fundanna voru valin. Í skýrslunni er farið yfir hvert markmið fyrir sig og árangur Íslands metinn. Gefnar voru tvær einkunnir, ein frá stjórnvöldum og önnur frá frjálsum félagasamtökun. **Nánast undantekningalaust mátu félagasamtökin að íslenskt samfélag ætti lengra í land í tilteknu markmiði en stjórnvöld.** Þau markmið þar sem áberandi munur var á mati stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka urðu innblástur að umræðuefnum fundanna. Ákveðið var að ræða ekki um ákveðið markmið heldur að skoða mikilvæg málefni sem tengjast markmiðunum 17 og Íslensku samfélagi.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Sp) um sjálfbæra þróun voru samþykkt af öllum aðildarríkjum á allsherjarþingi Sp árið 2015. Áætlunin er að ná settum markmiðum fyrir 2030. Heimsmarkmiðin eru 17 og leitast við að auka lífsgæði í þróunarlöndum á sjálfbæran máta og að þróuð ríki geri sín félagslegu og efnahagslegu kerfi sjálfbær, stuðli að umhverfisvernd og styðji við sjálfbæra þróun þróunarríkjanna. **Eðli málsins samkvæmt eru heimsmarkmiðin ekki framkvæmanleg fyrir einstaklinga eða heimilin. Hins vegar geta einstaklingar lagt sitt lóð á vogarskálarnar.**



Heimsmarkmiðin hafa mótað stefnu stjórnvalda hér á landi og víðar. Ýmsar Evrópureglugerðir sem fyrirtæki hér á landi þurfa að lúta eru að hluta til komnar til vegna heimsmarkmiðanna 17. Hins vegar hafa ekki margar aðgerðir beinst að einstaklingum eða heimilum fyrir utan nýjar leiðbeiningar um flokkun eða noktun sparpera, sem dæmi.

Stór driffjöður í ósjálfbærri þróun, ósjálfbærum ágangi á auðlindir jarðar og loftslagsvánni er óhófleg neysla Vesturlandabúa.

Algeng leið til að meta áhrif einstaklings á jörðina er að reikna út kolefnisfótspor. Íslendingar ásamt öðrum efnuðum þjóðum tróna þar efstir á lista og samkvæmt meðalútreikningum fyrir Íslendinga þyrftum við fjórar jarðir ef allir jarðarbúar myndu leyfa sér að lifa eins og við. Kolefnissporið tekur ekki inn í reikninginn félagslega eða efnahagslega skaðann sem rányrkja og ósjálfbær neysla felur í sér.

Þar sem við vildum ekki vera með fundi þar sem sérfræðingar væru að tala til okkar og leggja okkur sjálfbæru lífsreglurnar ákváðum við að hafa fundina með „open forum“ sniði, þar sem áhorfendur tækju jafn mikinn þátt í umræðunni og sérfræðingarnir. Á hverjum fundi var leitast við að svara erfiðum spurningum en sérfræðingarnir og gestir í sal voru leiddir saman á jafningjagrundvelli.

Sem neytendur tókum við meðvitað eða ómeðvitað þátt í gjörðum sem hafa afleiðingar. Þessar afleiðingar geta leitt heiminn í átt að sjálfbærri þróun, viðhaldið status-quo ástandi, eða gert sjálfbæra framtíð enn fjarlægari.

ÁBYRGÐ NEYTANDANS

11.09.2024 17:30-19:00



Áróra Árnadóttir,
aðjúntkt við HÍ í umhverfisverkfræði.

Freyr Eyjólfsson,
*verkefnisstjóri Hringrásarhagkerfisins
hjá Sorpu.*

Guðbjörg Gissurardóttir,
frumkvöðull og sjálfbær neytandi.

Atli Már Steinarsson,
*fundarstjóri –
dagskrárgerðarmaður á RÚV.*

Markmið þessa fyrsta fundar Heimilis Heimsmarkmiðanna var að velta fyrir okkur hvar ábyrgð neytenda byrjar og endar þegar kemur að neikvæðum afleiðingum neyslu okkar. Ákveðið var að var að hefja fundaröðina á þessari stóru spurningu sem á við öll heimsmarkmiðin og þjónaði þeim tilgangi að vera inngangur fyrir hina fundina.

Gestir fundarins komu sem fulltrúar ólíkra geira samfélagsins. Dr. Áróra Árnadóttir er kennari og rannsakandi við HÍ og var fulltrúi „vísindanna.“ Hún hefur rannsakað hvaða atriði skipta fólki máli þegar kemur að réttlætingu utanlandsferða og hvaða hvatar eru vænlegastir til að fá fólk til að draga úr mengunarvaldandi hegðun.

Guðbjörg Gissurardóttir hefur lengi verið að velta fyrir sér hvaða áhrif neysla hennar og neysla almennt hefur á umheiminn og mætti í Hannesarholt sem fulltrúi hins upplýsta neytanda. Hún hefur unnið að því að kynna „græn“ ráð fyrir neytendum og fá fólk til að hugsa um umhverfisáhrifin sem það veldur með neyslu sinni. Hún hefur verið með útvarpsþátt, vefsíðu og tímarit um þessi efni.

Freyr Eyjólfsson er verkefnisstjóri Hringrásarhagkerfisins og fræðslustjóri Sorpu. Hann upplýsti gesti fundarins um afleiðingar ómeðvitaðarar neyslu okkar.

Þar sem þetta var fyrsti fundur raðarinnar var stærsti óvissuþátturinn tengdur mætingu gesta og þátttöku þeirra á fundinum. Við auglýstum fundinn á samfélagsmiðlum og sendum pósta til nemendafélaga í HÍ og menntaskólanna. Atli Már Steinarsson stýrði fundinum. Hann hafði kynnt sér rannsóknir Áróru, tímarit Guðbjargar og þekkti til starfa Freys. Það var mikilvægt á þessum fyrsta fundi að það tækist að skapa samtal við áhorfendur í sal. Það var í hlutverki Atla Márs að fá salinn til að taka virkan þátt, sem tókst vel.

VIÐBRÖGÐ FUNDARGESTA

Helstu niðurstöður fyrsta fundarins:

Sjálfbærni er byrjunarreiturinn.


Sjálfbærni næst ekki nema stjórnvöld, fyrirtæki og neytendur taki sig á.

Við ferðumst of mikið, neytum of mikið og hendum of miklu.


Það eru ótal smáar aðgerðir sem neytendur geta sett í framkvæmd.

Til þess að hringrásarhagkerfið verði vænlegur kostur fyrir neytendur þarf að endurskoða skattakerfið.

Telur þú að neytendur geti haft áhrif með meðvitaðri neyslu?



Eftir að hafa setið fundinn - telur þú að þú munir breyta neysluvenjum þínum?



Þau sem mættu á fundinn eða fylgdust með á netinu voru beðin um að fylla út stuttan spruningalista þar sem spurt var um skoðun þeirra á umræðuefni fundarins. Að jafnaði svöruðu um 25-50% fundargesta spurningarlistann.

Áhorf eftir 8 vikur: 942

Mætt í sal: 27 manns

AÐ KLÆÐA SIG SJÁLFBÆRT

18.09.2024 kl. 17:30 -19:00



Ragna Bjarnadóttir,
fagstjóri Fatahönnunardeildar LHÍ.

Freyr Eyjólfsson,
verkefnisstjóri Hringrásarhagkerfisins hjá Sorpu.

Sigríður Ágústa,
fatahönnuður.

Sirry Arnadóttir,
fundarstjóri - fjölmiðlamaður, rithöfundur og fyrirlesari.

Á þessum öðrum fundi Heimilis Heimsmarkmiðanna var farið í saumana á flíkunum sem við klæðumst, og við veltum því fyrir okkur hvort það sé hægt að klæða sig sjálfbært. Við fræddumst um framleiðslu fatnaðar og textíls og sér í lagi hvað verður um flíkurnar þegar við losum okkur við þær. Í salnum var fjölbreyttur hópur. Áberandi var hversu margt fólk mætti sem var að læra fatahönnun, starfandi í textíliðnaðinum eða áhugafólk um saumaskap og fatagerð.

Ragna Bjarna sagði frá breyttum áherslum í menntun fatahönnuða og hvernig sjálfbærni er orðinn miklu veigameiri þáttur í framleiðsluferlinu. Nemendur leggja áherslu á að efnið sé framleitt á sem vistvænastan máta og við mannsæmandi aðstæður.

Sigríður Ágústa lærði fatahönnun í LHÍ. Þegar í náminu lagði hún áherslu á sjálfbærni og endurnýtingu efna í hönnun sinni. Hún hefur haldið þeirri stefnu áfram og hefur til að mynda unnið með 66°N í að hanna þjóðhátíðarfatnað fyrir söngkonuna Bríeti. Í kjölfarið hófst umræða um mikilvægi þess að það sé *kúl* að klæðast endurunnum fatnaði og að hann falli vel að eigin smekk og að aðrir kunni að meta hann.

Eitt stærsta vandamál hjá Sorpu eru öll þau ógrynni af textíl sem þau fá til sín á degi hverjum. Einungis brota-brot fer í endursölu, aðeins stærra brot er hægt að endurvinnna en langstærsti hlutur textílsorpsins lendir í urðun. Þá er helsta vandamálið að gæði efnisins eru svo léleg og að efnin eru blönduð sem hentar síður til endurvinnslu.

Sirry Arnadóttir stýrði fundinum. Áralöng reynsla hennar af fundarstjórn, ræðuhöldum, kennslu og framkomu í sjónvarpi skein vel í gegn. Fundurinn einkenndist af líflegum umræðum og mikilli orku. Fréttir Stöðvar 2 mættu og tóku stutt viðtal við Rögnu og Magnús Hall.

VIÐBRÖGÐ FUNDARGESTA

Helstu niðurstöður

Þykja vænt um fötin sín, þá erum við líklegri til að hugsa vel um þau og nota þau lengur.

Þvo fötin minna. Þvottur fer illa með fötin.

Næstum allt örplast í hafinu má rekja til fatnaðar.

Forðast að fara með föt í efnahreinsun.


Kenna börnum að gera við fötin sín, og búa þau til.

Versla notuð föt.


Meta vel gæði fatnaðar áður en við kaupum hann.

Helst kaupa föt sem einungis eru unnin úr einu efni, þar sem blönduð efni endurnýtast illa.


Hefur þú farið með föt í viðgerð?



Eftir að hafa setið fundinn - telur þú að þessi umræða mun hafa áhrif á hvernig þú verslar föt?



Verslar þú föt á netinu?



Áhorf eftir 7 vikur: 921

Mætt í sal: 29 manns

MATARSÓUN

25.09.2024 kl. 17:30-19:00



Margrét Sigfúsdóttir,
*fyrirverandi skólastjóri
Hússtjórnarskólans.*

Sólveig Ólafsdóttir,
sagnfræðingur og matgæðingur.

Sigurjón Bragi Geirsson
*matreiðslumeistari, yfirkokkur,
Kokkur ársins 2019.*

Rakel Garðarsdóttir,
*fundarstjóri-
framkvæmdastjóri Vesturports og
Veranda.*

Á þriðja fundi Heimilis Heimsmarkmiðanna ræddum við um matarsóun og hvað væri til ráða. Sérstaklega er matarsóunar getið í tólfta markmiði heimsmarkmiðanna. Ætlast er til þess að heimsbyggðin öll hafi minnkað matarsóun um helming fyrir árið 2030. Árið 2022 var gerð rannsókn á matarsóun Íslendinga. Um það bil 160 kílóum af mat á hvern íbúa er hent árlega. 40% þessarar sóunar fer fram á heimilum, þar af eru allt að 20-25 kíló af þeim mat sem hent er nýtanlegur til manneðis. Þetta er gríðarleg sóun á verðmætum og auðlindum jarðar og óafsakanlegt þegar allt of stór hluti jarðarbúa býr við hættulegt mataróryggi.

Pallborðið að þessu sinni samanstóð af sagnfræðingnum og matgæðingnum dr. Sólveigu Ólafsdóttur, Margréti Sigfúsdóttur fyrirverandi skólastjóra Hússtjórnarskólans í Reykjavík og Sigurjóni Braga matreiðslumeistara og keppniskokki hjá Flóru veisluþjónustu. Rakel Garðarsdóttir stofnandi Veranda og framkvæmdastjóri Vesturports stýrði fundinum. Verandi er brautryðjandi fyrirtæki sem tekur „úrgangshráefni“ sem er á leið í ruslið, til að mynda kaffikorg og afmyndaðar gúrkur, og nýtir það í húðvörur.

Sérfræðingarnir komu úr mismunandi áttum. Sólveig hefur rannsakað sögu fatlaðs fólks á Íslandi en hefur mikla ástríðu fyrir matargerð og matarsögu íslendinga. Margrét hefur kennt ungu fólki að reka heimili í áratugi og þekkir mikilvægi þess að fólk þekki vel til í eldhúsinu, kunni að elda og geti skipulagt sig þegar kemur að innkaupum og matargerð. Sigurjón hefur mikla reynslu sem keppniskokkur og veisluþjónustukokkur. Reynsla hans og kunnátta gerir það að verkum að mjög sjaldan fer eitthvað af mat til spillis eða að hann eldi ekki nóg.

VIÐBRÖGÐ FUNDARGESTA

Helstu punktar

Þekkingarleysi á matarframleiðslu gerir það að verkum að fólk er líklegra til að henda mat.

Mikilvægt er að kunna að elda.

Mikilvægt er að vita hversu mikið af mat við þurfum hverju sinni.


Nýta frystinn vel og merkja skilmerkilega það sem er til staðar.

Fara oftar í matvöruverslanir og kaupa minna í einu.


Aukin vitneskja leiðir til meiri virðingar fyrir matnum.

Geymið kvittanir eftir matarinnkaup og strikið yfir með yfirstrikunarpenna það sem þið hendið í ruslið.

Finnst þér þú vera henda of mikið af mat?



Átt þú í erfiðleikum með að elda úr leifum?



Ég hendi mat af því að...

...ég kaupi of mikið og maturinn fer til spillis (40%)

...ég elda of mikið (40%)

Ég hendi ekki mat (20%)

Áhorf eftir 6 vikur: **939**

Mætt í sal: **10 manns**

HVERS VIRÐI ER NÁTTÚRAN?

02.10.2024 kl. 17:30-19:00



Daði Már Kristófersson,
hagfræðingur og prófessor.

Sigríður Þorgeirsdóttir,
heimspekingur og prófessor.

Oddur Sigurðsson,
jarðfræðingur og ljósmyndari.

Katrín Oddsdóttir,
*fundarstjóri -
lögmaður.*

Fundurinn um virði náttúrunnar var best sótti fundurinn. Viðfangsefnið er greinilega ofarlega í huga margra þar sem við stöndum frammi fyrir mikilvægum spurningum um nýtingu auðlinda á Íslandi. Stóru spurningu fundarins - Er hægt að meta náttúruna til fjár? - er ómögulega hægt að svara á fullnægjandi máta, en markmið fundarins var ekki að finna út hæfilega upphæð heldur huga að því hvaða verðmæti náttúran felur í sér og undir hvaða kringumstæðum er réttlætanlegt að fórna þeim verðmætum. Hagvexti og náttúruvernd er oft stillt upp sem andstæðum sem eiga ekki samleið. Núverandi eða yfirvofandi orkuskortur og kröfur um jarðefnaeldsneytislaustr Ísland eru taldar af sumum vera nægileg réttlæting til að virkja fallvötn og reisa vindmyllur, ellegar stöðvist hjól atvinnulífsins.

Dr. Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur og prófessor, dr. Daði Már Kristófersson hagfræðingur og prófessor (nú fjármálaráðherra) og dr. Oddur Sigurðsson jarðfræðingur og landslagsljósmyndari sátu í pallborði og Katrín Oddsdóttir lögmaður stýrði fundinum. Meginspurning fundarins var hvort að náttúruvernd og hagvöxtur væru í andstöðu hvort við annað og hvort að fórna þyrfti náttúrugæðum fyrir efnisleg gæði. Umræðuefnið var mikilvægt og víðfemt og að mati

Sigríðar og Odds er ómögulegt að meta náttúruna til fjár, en þau voru tilbúin að velta því fyrir sér. Helsta vandamálið er að það er erfitt að verðleggja fyrirbæri eins og hreint vatn, hreint loft, og nánast ómögulegt að verðleggja huglæga upplifun á náttúrunni.

Daði Már Kristófersson hefur hins vegar verið að rannsaka nákvæmlega þetta, hvernig getum við metið náttúruna til fjár. Hann hefur verið að rannsaka verðgildi náttúru út frá auðverðleggjanlegum mælikvörðum eins og afleiðum ferðaþjónustu, sjávarútvegs, laxveiða og fleiri breyta, en einnig út frá huglægari gildum eins og menningarsögulegu gildi og upplifuna. Hann er talsmaður þess að þegar virkjanakostir og aðrar framkvæmdir sem hafa í för með sér mikil umhverfisáhrif eru til skoðunar, ætti jafnframt eftir bestu getu að meta fórnina á sömu forsendum og mögulegan ágóða. Í dag er nánast einungis horft á ágóðann.

Eftir stuttar ræður pallborðsins hófust mjög líflegar umræður. Í salnum var aðallega talsfólk náttúnnar. Mikið var rætt um þá náttúru sem við fórnum í nafni framfara og hagvaxtar.

VIÐBRÖGÐ FUNDARGESTA

Helstu punktar


Þegar er verið að veða kosti og galla þess að spilla náttúrunni fyrir hagvöxt eða framfarir, skortir kerfið réttu tækin til að meta náttúruna á sömu forsendum og hagvöxt og framfarir.

Flestir sem mættu voru sammála um að þó að kerfið geti ekki almennilega gert grein fyrir virði náttúrunnar, er það engu að síður nauðsynlegt að virði náttúrunnar sé í hávegum haft þegar kemur að fyrirhuguðum framkvæmdum.


Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:
Til að auka hagvöxt þarf að byggja fleiri virkjanir hvort sem þær eru vatnsafls, jarðvarma eða vindorku.

Mjög ósammála: 100%

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:
Okkur ber að nýta fallvötn, jarðvarma og vindinn.



Ef að rukka ætti fyrir aðgengi að Öskjuhlíðinni og Gróttu hversu mikið værir þú til í að borga?



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:

Sjúkvía-laxeldi er nauðsynlegt fyrir landsbyggðina.

Mjög ósammála 100%

Áhorf eftir 5 vikur: 864

Mætt í sal: 32 manns

Hvers virði er náttúran?

Heimili heimsmarkmiðanna

Hannesarholt, 2. október, 2024

Sigríður Þorgeirsdóttir

Ég ætlaði mér í fyrstu að tala um muninn á metanlegri og ómetanlegri náttúru, en ég hætti við það þegar ég fór að hugsa málið frekar vegna þess að hið ómetanlega er rakið til þess sem hefur metanlegt, þ.e. peningalegt gildi. Þannig myndi ég halda þessari umræðu um virði náttúrunnar innan ramma hagkerfis sem gengur út á aðgreiningu þess sem hefur verðgildi og þess sem ekki er settur verðmiði á.

Það hagkerfi sem við búum við byggir einmitt á skarpri aðgreiningu þess sem telst hafa peningalegt gildi og hvað ekki. Í upphafi vísindabyltingar, þegar línur fyrir nútímahagkerfi voru lagðar, var dregin markalína milli þess sem hægt er að kaupa og selja og hefur þannig peningalegt verðgildi og annars sem ekki væri hægt að kaupa eða selja. Samtímis var gengið út frá því að vinnuframlag kvenna – sem eru víðamesta vinnuafli á plánetunni – vinna kvenna sem fæddu og ólu upp börn og sinntu þannig þeirri framleiðslu sem viðheldur samfélögum væri ekki talin til peningalegra verðmæta. Litið var svo á að viðhald mannkyns væri bara einbert líf og ekki verðmætasköpun og þannig er þetta enn og talið til útgjalda fremur en til höfuðstóls. Svipað gildir um náttúruna sem lengst af hefur verið álitin hráefni til að vinna úr eða auðlind til að nýta og þannig verðlaus sem slík. Náttúra er talin peningalega einskis virði fyrr en maðurinn sem nýtir hana og selur afurðir hennar hefst handa. Og nú erum við beðin um að verðleggja ó- eða lítt snortna náttúru landsins, að því að sagt er til að gæta réttlætis gagnvart henni og þeim sem vilja vernda hana. En réttlætisrök eru bara yfirvarp því það dylst engum að verðlagning náttúru fyrirbæra þjónar þeim eina tilgangi að meta hvað megi græða á náttúru sem er vernduð eða friðuð. Engin verndun án gróðamöguleika!

Þannig að ég vil ekki setja verðmiða á náttúru fyrirbæri í þessu samhengi hér, t.d. með kostnaðar-nytjagreiningu eða einhverju álíka. Ástæðan er ekki vegna þess að ég vilji vernda sem mest af víðernum Íslands og hafa sem flest „ómetanlegt“. Ég vil það. Ástæðan er heimspekilegri og hún hefur með fjármagnshagkerfið sem við búum við og höfum búið til að gera.

Vandinn við þetta fjármálhagkerfi sem við búum við er að það er aftengt jörðinni. Yfirskriftin á þessu litla málpingi hér er Heimili heimsmarkmiðanna og jörðin er þetta heimili okkar sem að heimsmarkmið Sp um sjálfbæra þróun eiga að vernda sem tilvistargrundvöll lífs mannkyns á jörðinni. Heimsmarkmiðin eru byggð á hugmynd um réttlátari heim sem á að vera haldið uppi af sjálfbæru „heimili“, þ.e. á nýtingu jarðar sem gengur ekki á takmarkaðan forða hennar og grefur ekki undan tilvistarmöguleikum okkar sem tegundar. Heimsmarkmiðin eru þannig n.k. deili- eða skiptikenning um hagrænt réttlæti sem miðar að því að bæta kjör manna, einkum þeirra verr settu, jafnframt því að draga úr hraða loftslagshlýnunar.

Þessi markmið um sjálfbæra nýtingu auðlinda jarðar byggja þannig á hagkerfi hnattræns kapítalisma og vandinn við það hagkerfi sem fjármálakerfi er að það er aftengt jörðinni. Hér er ég ekki að tala um markaðshagkerfi sem slíkt. Markaðir hafa alltaf verið til og verða alltaf til. Ég er að tala um peningakerfi kapítalismans sem er aftengt jörðinni. Síðustu jarðtengingu peningakerfisins var kippt undan því með afnámi gullfótarins fyrir hálfri öld. Síðan þá hefur peningakerfið lifað eigin lífi uppi í skýjunum því það samanstendur bókstaflega af tölum sem eru í stafrænu skýi, í netheimum handan efnisveruleikans. Hagvaxtarþráhyggja viðheldur síðan neyslu og framleiðslu. Hún gerir að verkum að við verðum æ ósjálfbærari þrátt fyrir Heimsmarkmið Sp sem hljóma óneitanlega vel í eyrum. En það er falskur hljómur. Skuldakerfi gerir að verkum að eignir þeirra sem eiga og lána fé vaxa stöðugt í skýinu af því að það er veldisvöxtur á lánsvöxtum og við hin sem tökum lán erum bókstaflega í vinnu við að auka peningamagn lánveitenda í skýinu. Ég tala um hagvaxtarþráhyggju því þetta er orðið þráhyggja á tímum þegar fæðingartíðni fer víðast hvar lækkandi. Í Suður Kóreu er fæðingartíðni núna um 0,7 börn á konu sem merkir að þjóðinni fer ört fækkandi. Svipað gildir um land eins og Japan þar sem búist er við tugum milljóna auðra íbúða og húsa á komandi áratugum vegna fólksfækkunar. Og svo er krafa um aukin hagvöxt! Við erum semsé með peningakerfi sem er eins og lestin hans Filias Fogg þegar vantaði brennslukol til að hann gæti haldið áfram hraðferð sinni umhverfis jörðina. Til þess að knýja eimreiðina áfram þurfti að rífa innréttingar brautarvagnanna og að lokum útveggi til að koma farþegum lestarinnar á leiðarenda og þá var járnbrautarlestin bara orðin pallur á hjólum. Af þessum sökum er haft á orði að það sé auðveldara að ímynda sér endalok heims okkar en endalok fjármagnskapítalismans.

Svo niðurstaða mín er sú að það sé hjákátlegt og órökrétt að setja verðmiða á náttúru þegar við búum við hagkerfi sem er aftengt jörðinni og jarðneskum forsendum búsetu okkar sem tegundar á henni. Til að viðhalda þessu peningakerfi þarf nú næstum tvær og ekki bara eina jörð og þannig göngum við skipulega og markvisst á tilvistargrundvöll mannkyns sem tegundar eins og sést á fyrirbærum eins og minnkandi grunnvatnsforða og súrnun sjávar. Ef á að verðleggja eitthvað náttúrulegt þá verðum við að byrja á að jarðtengja fjármagnskapítalismann með öðruvísi peningakerfi og öðruvísi skuldahagkerfi. Það eru til ýmsar leiðir til þess, en ég held að það þurfi að byrja á að leiðrétta þá gömlu bábilju sem nútíma peningakerfi er reist á, að börn og náttúra séu ekki verðmæti. Það verður að viðurkenna að vöxtur og viðhald þjóðfélagsins byggir á að börn fæðist og að náttúran og auðlindir hennar séu hin eiginlegu verðmæti og ekki tölur í skýi. Peningar eru loftkennt auðmagn sem færast sífellt á æ færri hendur auðmanna sem hafa að sama skapi völd og pólitísk undirtök til þess að halda peningakerfinu óbreyttu. Þegar við viðurkennum börn og náttúru sem raunveruleg verðmæti þá getum við líka farið að ímynda okkur öðruvísi hagkerfi sem byggir á höfuðstólnum sjálfum og ekki bara tölum í skýi. Því hver segir að við verðum annaðhvort að vera karríeristar eða lúserar, sigurvegarar eða „ekki nóg“, sem vaða á skítugum skónum um „heimili heimsmarkmiðanna“ nema þau sem stýra okkur ofan úr peningaskýinu og reyna þannig að halda okkur við efnið?

AÐGENGI FATLAÐRA AÐ ÍSLENSKU SAMFÉLAGI

09.10.2024 kl. 17:30-19:00



Embla Guðrúnar- & Ágústsdóttir,
félagsfræðingur og leikkona.

Haukur Guðmundsson,
formaður Átaks.

Fabiana Morais,
Proskahjálpi.

Guðrún Sóley Gestsdóttir,
*fundarstjóri
dagskráargerðarmaður á RÚV.*

Á þessum fundi var slagorðið „ekkert um okkur án okkar“ haft í huga þegar skipað var í pallborðið. Haukur Guðmundsson er formaður Átaks – félag fólks með þroskahömlun, Embla Guðrúnar-og Ágústsdóttir er félagsfræðingur, leikari og baráttukona fyrir réttindum fatlaðra, og Fabiana Morais er starfsnemi hjá Proskahjálpi. Tilgangur fundarins var að ræða hverjar eru helstu hindranir fyrir fatlað fólk til að verða fullgildir meðlimir í íslensku samfélagi, og hver er birtingamynd jöfnuðar. Pallborðið var skipað einstaklingum með mismunandi fatlanir og upplifðu þau mismunandi hindranir þess vegna. Hins vegar voru þau öll sammála um að það sé oft á tíðum komið fram við þau eins og börn og bentu á vanvirðingu dulbúna sem umhyggju.

Einnig voru þau sammála um að lykilþáttur í að vera meðlimur í samfélaginu eru aukin tækifæri til að efla eigið sjálfstæði. Fatlað fólk býr við færri valmöguleika en ófatlað fólk. Möguleikar fatlaðs fólks til að mennta sig eru ekki ýkja margir. Þjónusta sem þau þurfa til að geta lifað sjálfstæðu lífi er oft á tíðum seint fánleg. Fatlað fólk hefur oft ekki val um starf eða búsetu vegna fötlunar sinnar en einnig vegna fordóma um getu þeirra.

Í VNR skýrslu forsætisráðuneytisins um frammistöðu Íslands í málefnum heimsmarkmiðanna er áberandi munur á mati forsætisráðuneytisins og úttekt frjálsra félagasamtaka. Helstu vandamál sem fatlað fólk er að kljást við er efnislegur skortur og fátækt, sem gerir það að verkum að það þarf oft á tíðum að neita sér um lækniþjónustu, félagslíf, næringarríkan mat, tómstundir fyrir sig og börnin sín, og fleira.

Þessi fundur var ekki sérstaklega vel sóttur, en umræðan sem skapaðist var áhugaverð og flestir gestanna tóku þátt í umræðunni.

VIÐBRÖGÐ FUNDARGESTA

Helstu punktar


Í daglegu lífi skyldi alltaf koma fram við fatlað fólk af virðingu og ekki vanmeta getu þess að óathuguðu máli. Ekki tala yfir fólknið eða framhjá því, heldur til þess.

Fatlað fólk þarf mögulega meiri tíma til að gera eitthvað en ófatlað, eða þarf það líkamlegan eða andlegan stuðning til að framkvæma margt, en það þýðir ekki að það geti ekki lagt eitthvað til samfélagsins.

Fatlað fólk líður fyrir skort á tækifærum til að leggja til samfélagsins.

Við getum öll orðið fötluð á morgun – hví ekki að huga að aðgengi alltaf.


Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:
Stjórnvöld eru að standa sig vel í málefnum fatlaðra.




Á hvaða sviði samfélagsins telur þú réttindi fatlaðra vera mest ábótavant?

Starfsmöguleikar
Aðgengi í umferðinni
Félagslegt aðgengi

Hefur þú orðið var við fordóma í garð fatlaðra í eigin brjósti?



Hefur þú orðið var við fordóma í garð fatlaðra til að mynda á samfélagsmiðlum?




Áhorf eftir 4 vikur: **414**

Mætt í sal: **11 manns**

GEÐHEILSA

15.10.2024 kl. 17:30-19:00



Ólafur Þór Ævarsson,
geðlæknir og stofnandi
Streituskólans.

Tómas Kristjánsson,
sálfræðingur og lektor við HÍ.

Svava Arnardóttir,
formaður Geðhjálpar.

Magnús Hallur Jónsson,
fundarstjóri
verkefnastjóri Heimilis
Heimsmarkmiðanna.

Þessi fundur var ekki sérlega vel sóttur í Hannesarholti en var með mesta áhorfið á netinu á meðan á fundinum stóð og hefur verið með mesta áhorfið síðan. Það gefur til kynna að geðheilbrigðismál séu ofarlega í huga margra og meðal mikilvægustu samtímamála. Geðheilbrigðismál og versnandi geðheilsa þjóðarinnar hefur verið áberandi í fjölmiðlum og í þjóðfélagsumræðunni undanfarin ár. Samkvæmt Landlæknisembættinu eykst notkun geðlyfja ár hvert og eiga Íslendingar heimsmet í notkun þeirra. Samkvæmt Landlæknisembættinu hafa þau sem skilgreina andlega líðan sína sem slæma aukist, þar af nánast helmingur fólks á aldrinum 18-34 ára. Streita og kvíði hefur aukist hjá öllum aldurshópum og áfengisneysla Íslendinga hefur aukist undanfarin tíu ár.

Gestir pallborðsins komu frá mismunandi sviðum geðheilbrigðismála. Dr. Ólafur Þór Ævarsson hefur starfað í áratugi sem geðlæknir og er stofnandi Streituskólans. Hann hefur lagt sérstaka áherslu í sínu starfi á að nýta viðbrögð við streitu sem forvörn í geðheilbrigðismálum. Dr. Tómas Kristjánsson er lektor í sálfræði við Háskóla Íslands og sálfræðingur hjá Píeta. Sem sálfræðingur Píeta samtakanna er hann að vinna með alvarlegustu afleiðingar þunglyndis og annarra geðsjúkdóma. Píeta hefur náð góðum árangri í að vera aðgengilegt fyrir yngra fólk, en á erfiðara með að ná til þeirra sem eru líklegastir til að fremja sjálfsmorð, karla á miðjum aldri. Svava Arnardóttir er formaður Geðhjálpar, fulltrúi í Geðráði og er einn höfunda bókarinnar *Boðaföll* sem kynnir nýjar nálganir í forvörnum gegn sjálfsskaða og sjálfsvígum. Hún undirstrikaði hversu stóran þátt ytri aðstæður geta spilað inn í geðheilbrigðismál einstaklinga. Streita af völdum bágarar fjárhagsstöðu, félagslegrar einangrunar, eða misnotkunar áfengis og eiturlyfja eru atriði sem þarf að leiðrétta til að bæta geðheilsu.

VIÐBRÖGÐ FUNDARGESTA


Helstu punktar

Mikilvægur þáttur í forvarnarstarfsemi er að ræða opinskátt um sjálfsvíg.

Skömmin sem fylgir geðsjúkdómum er hættuleg því fólk leitar sér síður hjálpar vegna hennar.


Streita er oft undanfari geðrænna vandamála. Mikilvægt er að líta á heilbrigð streituviðbrögð sem geðsjúkdómaforvörn.

Hefur þú orðið var við fordóma í garð geðveikra t.d. á samfélagsmiðlum?



Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:


Ástandið í heiminum hefur mikil áhrif á geðheilsu mína.



Ég gæti þess að halda geðinu í jafnvægi með uppbyggilegum athöfnum.



Hefur þú orðið var við fordóma í garð geðveikra í eigin brjósti?




Áhorf eftir 3 vikur: 1211

Mætt í sal: 15 manns

STAÐA KYNJAJAFNRÉTTIS

23.10.24 kl. 17:30-19:00



Sigríður Dúna

Kristmundsdóttir,

fyrrv. alþingismaður og prof. em.

Tatiana Latinovic,

formaður Kvennréttindafélagsins.

Brynja Elísabeth

Halldórsdóttir,

dósent við HÍ.

Guðrún Sóley Gestsdóttir,

fundarstjóri

fjölmíðlamaður á RÚV.

Það er kannski ekki að furða að lítið hefur borið á umræðu um jafnrétti kynjanna eða kvennréttindi á Íslandi undanfarin ár. Ísland, ásamt hinum norðurlöndunum, er nefnt sem dæmi um samfélag sem hefur náð lengst í að leiðrétta misrétti milli kynjanna. Launamunur kynjanna, einn af helstu mælikvörðum ójafnaðar hefur mælst minnstur á Íslandi. Sömuleiðis eru nálægt helmingur stjórnenda hjá hinu opinbera konur og fjöldi kvenna á þingi nálgast 50% þingmanna.

Hins vegar eru konur í áberandi minnihluta í stjórnunarstöðum fyrirtækja í einkageiranum, konur eru líklegri til að sinna ólaunuðum heimilisstörfum og konur verða fyrir mun meira kynferðisofbeldi en karlar. Einnig hefur borið á bakslagi í orðræðu í garð kvenna á samfélagsmiðlum, sérstaklega meðal ungra karlmanna.

Á þessum fundi skoðuðum við stöðu kynjajafnréttis á Íslandi og veltum fyrir okkur hvort að við höfum sofnað á verðinum. Í heimsókn komu dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor emeritus og fyrrverandi alþingismaður, Tatjana Latinovic, formaður Kvennréttindafélagsins og dr. Brynja Elísabeth Halldórsdóttir dósent við Háskóla Íslands. Guðrún Sóley Gestsdóttir stýrði fundinum. Sigríður Dúna hefur lengi verið að skoða jafnrétti kynjanna bæði sem rannsakandi og alþingismaður Kvinnalistsans. Tatjana Latinovic er frá Serbíu og var um tíma formaður W.O.M.E.N. in Iceland eða Félags kvenna af erlendum uppruna, og hefur því sérstaka sýn á kynjamisrétti á Íslandi. Brynja Elísabeth starfar við kennslu og rannsóknir við HÍ, þar sem hún skoðar birtingarmyndir misréttis í skólakerfum. Hún hefur búið lengi í Minnesota og gat deilt sögum frá sinni reynslu frá Bandaríkjunum og því sem hún hefur verið að rannsaka.

VIÐBRÖGÐ FUNDARGESTA

Helstu punktar

Kvennalisti væri róttæk hugmynd í dag.


Bakslag kemur alltaf reglulega.

Jafnrétti verður seint náð fyllilega.


Kvenlæg gildi eru ekki metin til jafns við karllæg gildi.

Það eru nýjar birtingarmyndir misréttis.


Það þarf að halda umræðunni áfram.



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: **Í gagnkynhneigðu sambandi þá er það eðlilegast að fyrst og fremst konan sinni heimilisstörfum.**




Hefur þú orðið var við bakslag í réttindabaráttu kvenna?



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:

Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja að konur séu í stjórnendastöðum í einkageiranum.



Áhorf eftir 2 vikur: **255**

Mætt í sal: **12 manns**

Staða kvenréttinda á Íslandi

Heimili Heimsmarkmiðanna

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

Hannesarholti 23. okt. 2024.

Frá aðdragandanum að stofnun Kvinnaskólans í Reykjavík 1874, eða í rúm 150 ár, hafa íslenskar konur barist fyrir réttindinum sínum til að vera virtar til jafns við karla í íslensku samfélagi. Á þessum 150 árum hafa ótal ræður verið haldnar, ótal fundir boðaðir og sóttir, ráðstefnur haldnar, aðgerðir framkvæmdar, kannanir gerðar og lög verið sett – allt vegna baráttu kvenna fyrir réttindum sem gætu gert þeim kleyft að verða fullgildir þegar í íslensku samfélagi.

Samt er markinu ekki náð og bakslög hafa reglulega komið í þessa vegferð. Hvernig skyldi standa á því? Skýringarnar eru vafalítið margar en það er ein skýring sem ég tel vega þyngra en aðrar og sem mig langar til að ræða hér í dag: Það er hugmyndagrúnnur íslensks samfélags og menningar.

Við getum skipt samfélaginu í tvö lög; yfirborðsgerð og grunngerð. Það er í yfirborðslaginu þar sem breytingar verða: eins og þegar fólk flutti á mölina í stórum stíl um aldamótin 1900, launavinna kom til sögunnar og þéttbýli myndaðist og þar með breytt félagslegt umhverfi/samhengi. Við þessum breytingum var brugðist með tiltækum ráðum hverju sinni sem sum gerðu ráð fyrir auknum rétti kvenna.

Í grunngerðinni, grunnlaginu, búa hins vegar þær hugmyndir sem samfélagið hvílir á og þó að yfirborð samfélagsins breytist breytast þessar hugmyndir ekki að sama skapi, þær eru afar lífsseigar. Því getur myndast misgengi á milli félagslegs veruleika yfirborðsins og þeirra hugmynda sem samfélagið hefur um konur og karla => misgengissprungu => gýs => kvennabarátta.

En hvaðan koma þessar grunnhugmyndir íslensks samfélags sem svona miklu máli skipta? Þær koma úr gamla bændasamfélaginu sem hér stóð í 1000 ár. Þar finnum við m.a. hugmyndirnar sem liggja til grundvallar verkaskiptingu kynjanna og helga stöðu þeirra. Samkvæmt þeim er bóndi bústólpi; hann aflar fjár og fer með forræði þess og einnig forræði eiginkonu sinnar og heimilismanna. Konur sinntu heimili og börnum og voru fósturlandsins freyjur. Þó að konur sinntu auðvitað mörgum bústörfum í bændasamfélaginu ef þörf var á breyttust þessar grunnhugmyndir ekki.

Þegar til stóð að veita konum kosningarrétt árið 1915 var spurt: hvað verður þá um heimilið og börnin? Það var bæði gild og áriðandi spurning og við höfum glímt við hana undanfarin 100 ár. Við höfum reynt að svara henni m.a. með fæðingarorlofi, dagvist fyrir börn, skólamáltíðum og svo auðvitað tvöfaldri vinnu kvenna því að þó að konur séu í fullri vinnu utan heimilis og vel menntaðar eiga þær, samkvæmt grunnhugmyndunum, samt að hugsa um heimilið og börnin.

Lög sem gera ráð fyrir breytingum á þessum aldagamla hugsunarhætti um hlutverk kynjanna verða oft stefnumótandi frekar en virk þegar þau eru sett. Gott dæmi um það eru lög um Háskóla Íslands sem voru sett 1911. Samkvæmt þeim áttu konur og karlar jafnan rétt til náms við skólann og jafnan rétt á styrkjum til skólagöngunnar (sem voru litlir) og til embætta að námi loknu. Húrra! Í menntun fólst vald og kvenréttindakonur á þessum tíma töldu margar að í aðgengi kvenna að æðri menntun fælist frelsun þeirra.

En hvað gerðist? Íslenskar konur nýttu ekki þessi framsæknu lög nema í afar litlum mæli. Æðri menntun og það vald sem hún fól í sér var samkvæmt gömlu hugmyndunum talið tilheyra körlum. Ef fjölskyldur gátu styrkt ungmenni til náms var sonurinn því tekinn fram yfir dótturina, og ef konur ætluðu að bjarga sér sjálfar áttu fæstar vól á jafn vel launaðri vinnu og piltar til að kosta nám sitt. Ef konur dirfðust samt að skrá sig til náms í Háskóla Íslands var talið að það væri einungis vegna þess að þær væru að leita sér að eiginmanni.


Það er ekki fyrr en Lánasjóður íslenskra námsmanna fór að geta veitt lán, sem sjens var að lifa á, upp úr 1970, og kvennahreyfingin vaknaði úr dvala, sem konur fóru að stunda nám við Háskóla Íslands í einhverjum mæli. Það tók semsé meira en hálfa öld/60 ár fyrir lögin frá 1911 að hreinlega virka. Það tekur enga stund að setja lög en það tekur miklu lengri tíma að breyta hugmyndum.

Við sjáum þessa staðreynd speglast í því að enn sinna konur heimilisstörfum, 2. og 3. vaktinni, í mun meira mæli en karlar og skiptir þá engu máli hversu menntuð konan er, við sjáum þessa staðreynd speglast í kynbundnum launamun, bæði skýrðum og óútskýrðum, við sjáum hana speglast í ofbeldi gegn konum og við sjáum hana birtast í öllum bakslögnum sem ævinlega reyna að færa samfélagið til fyrra horfs í samræmi við þessar grunnhugmyndir. Bakslagsmenn eru því auðvitað ekki að gera neitt ljótt, þeir eru bara að virða menningarbundnar hugmyndir íslensks samfélags.

Sem sagt: Hugmyndir, hugmyndir, hugmyndir; þær ákvarða stöðu kvenna/kvenréttinda á hverjum tíma í íslensku samfélagi. Ég hlakka til að ræða hér á eftir við Brynju og Tatjönu um þessa nálgun og á hvern hátt þessar grunnhugmyndir íslensks samfélags mismuna konum af erlendum uppruna og konum á landsbyggðinni.

GAGNKVÆM AÐLÖGUN

30.10.2024 kl. 17:30-19:00



Jasmina Vajzovic Crnac,
sérfræðingur í málefnum
innflytjenda.

Magnea Marinósdóttir,
alþjóðastjórn málafræðingur.

Najlaa Attaallah,
arkitekt, rithöfundur og skáld.

Magnús Hallur Jónsson,
fundarstjóri-
Verkefnastjóri Heimilis
Heimsmarkmiðanna.

Á þessum síðasta fundi Heimilis Heimsmarkmiðanna 2024 fjölluðum við um inngildinguna flóttafjölskyldna að íslensku samfélagi. Jasmina Vajzovic Crnac sérfræðingur í málefnum innflytjenda, Najlaa Attaallah arkitekt og skáld og Magnea Marinósdóttir alþjóðastjórn málafræðingur mynduðu pallborðið. Jasmina og Najlaa komu báðar á flótta undan stríði. Jasmina kom til Íslands frá Bosníu eftir stríðið þar (1992-1995) og Najlaa kom hingað frá Palestínu (2017) með manni sínum og börnum.

Ísland á aðild að flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna. Það þýðir að þau sem sæta ofsóknum í heimalandi sínu eða eiga þar á hættu dauðarefsingu, pyntingar eða ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu geta sótt um vernd hér á landi. Mismunandi reglur gilda um þjónustu til þeirra sem fengið hafa vernd hér á landi: Flóttafólk sem kemur til landsins í boði stjórnvalda hefur stundum verið kallað kvótaflóttafólk. Stjórnvöld móttökuríkja ákveða þá sjálf hversu mörgum flóttamönnum þau vilja taka á móti. Flóttafólk sem kemur á eigin vegum til landsins eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þessi hópur hefur farið ört stækkandi og afar fá hafa komið hingað sem kvótaflóttafólk undanfarin ár.


Flest þeirra sem hafa fengið vernd á Íslandi að undanförunu eru frá Úkraínu, því fólk sem leitað hefur skjóls á Íslandi frá Úkraínu eftir innrás Rússlands hefur fengið dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Það var gert með því að virkja í fyrsta skipti ákveðna grein útlendingalaga hér. Þau fara þannig ekki inn í hefðbundna málsmeðferð í verndarkerfinu hér á landi, heldur er þeim veitt vernd um leið og þau koma til Íslands, eins og gert er annars staðar í ríkjum evrópska efnahagssvæðisins.

Yfir 120 milljónir jarðarbúa eru nú á flóttu í heiminum og fátt bendir til annars en að þessi tala eigi bara eftir að hækka. Flestir fara ekki langt, eru á vergangi í heimalandinu en aðrir flýja til nágrannalandanna og biða þess að geta snúið aftur heim.


Í nýlegri skýrslu OECD kemur fram að hvergi í OECD er jafn mikið af innflytjendum miðað við höfðatölu eins og á Íslandi. Einnig dvelja innflytjendur hér lengur en í öðrum ríkjum OECD. Aftur á móti hefur inngilding innflytjenda agjörlega mistekist að mati OECD. Þættir eins og tungumálið og léleg upplýsingagjöf um hvað samfélagið hefur upp á bjóða gera það að verkum að innflytjendur eiga erfitt með að fóta sig hér á landi, og tilheyra Íslensku samfélagi.

VIÐBRÖGÐ FUNDARGESTA

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:
Ég tel að íslenskt samfélag græði á því að vera fjölmeningarsamfélag.



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:
Ég tel að íslenskum gildum standi ógn af öðrum menningarheimum.



Áhorf eftir 1 viku: **387**
Mætt í sal: **13 manns**

Helstu punktar

Aðlögun þýðir ekki að fólk eigi að afmá eða gleyma gildum eða menningu upprunalandsins.

Með því að kynna samfélagið ekki nógu vel fyrir innflytjendum er erfiðara fyrir þá að aðlagast og taka þátt.

T.d. bókasöfn, sundlaugar og fleira.

Flóttafólk er oft vel menntað og það er mikill skaði fyrir samfélagið að taka menntun þeirra ekki gilda.

Flest vilja vera hér áfram.

Flóttafólk telst bara flóttafólk í eitt ár, svo er það skilgreint sem innflytjendur.


Ekki eru allir múslimar eða arabar eins.

Telur þú að fjölmeningarsamfélag og inngilding nýbúa útiloki hvað annað?

100% Nei


Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:

Við tökum á móti of mörgum flóttamönnum og hælisleitendum.



ALMENNT UM FUNDINA


Gestir fundanna voru einnig spurðir um hvernig þeir hefðu frétt af fundunum, hvort þeir hefðu komið á síðasta fund, hvað þeim fannst um efnið, pallborðsgestina og fundarstjórnina.




Telur þú að þörf sé á þessari umræðu? **100% sögðu Já**

100% aðspurðra sögðu að
sérfræðingarnir væru fróðir um efnið


Mættir þú á síðasta fund?



Lærðir þú eitthvað nýtt?



Hvernig stóð fundarstjórinn sig?



Þau sem mættu á fundinn eða fylgdust með á netinu voru beðin um að fylla út stuttan spruningalista þar sem spurt var um skoðun þeirra á umræðuefni fundarins. Að jafnaði svöruðu um 25-50% fundargesta spurningarlistann.

ÁFRAMHALDIÐ

Ætlunin er að halda áfram með umræðufundi Heimilis Heimsmarkmiðanna í Hannesarholti. Reynslan af þessari fyrstu röð veitti innsýn í hvernig mætti beturumbæta næstu fundi. Áberandi var hversu miklu meiri aðsókn var á fundi um neyslu og umhverfið en á fundi um félagsleg málefni. Fundurinn um geðheilsu var hins vegar undantekning og var með mest áhorf á netinu.

NEYSLA

Mætingartölur gefa til kynna að vinsælustu umræðuefnin eru þau sem eiga við umhverfismarkmiðin og það sem viðkemur neyslu okkar.

GEÐHEILSA

Fundurinn um geðheilbrigðismál stendur upp úr sem sá fundur sem vakti mesta athygli á netinu. Mögulegt væri að halda fleiri fundi um málefni sem varða geðheilsu.

SAMFÉLAG

Það kom á óvart hversu fáir mættu á fundina um inngildinguna, aðgengi fatlaðra og kvennréttindi. Til að auka aðsókn væri hægt að tvinna saman samfélagsmálefni og umhverfismálefni.

SAMTALIÐ

Vel gekk að skapa umhverfi þar sem gestir áttu auðvelt með að tjá sig og taka þátt í umræðunni. Fundarstjórinn átti stóran þátt í því.

Þegar kemur að skipulagi næstu funda munum við velja umræðuefni sem er líklegt til að vekja athygli og draga fólk að. Við munum áfram fjalla um umhverfið og neyslu en einnig félagsleg málefni og leitast við að setja upp dagskrá sem nær til breiðari hóps fólks.

MÖGULEIKAR Á SAMSTARFI

Aðrir aðilar en Hannesarholt gætu skipulagt og staðið fyrir umræðufundum í Hannesarholti undir yfirskriftinni Heimili Heimsmarkmiðanna. Vonir eru um að frjáls félagasamtök, háskólafólk og fleiri taki boðinu um að halda fundi Heimilis Heimsmarkmiðanna. Hannesarholt myndi leggja til aðstöðu, kynningu og streymi af fundunum.

TÍÐNI FUNDA

Fundir árið 2025 verða haldnir aðra hvora viku í mars og apríl, og svo í september og október.

FJÁRMÖGNUN

Mögulegt var að halda fundina síðastliðið haust vegna styrkveitinga frá Anna-Maria og Stephen Kellen Foundation, Hollvinafélagi Hannesarholts og Miröndu ehf. Afla þarf fjármagns til áframhaldandi fundarhalds.

Stefnt er að því að hefja samstarf við félagsmiðstöðvar höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar og standa fyrir umræðufundum sem stuðla að lýðræðislegri virkni ungmenna og veita innblástur til skapandi lausna sem miða að sjálfbærni.



MÖGULEG UMRÆÐUEFNI

Hver er vandinn? Hvað er til ráða? Hvað getum við gert?

Hvernig á að bregðast við hatursorðræðu?

Sjálfbærar samgöngur

Sjálfbærni í nærumhverfi

Hvað er átt við með „efnahagsleg sjálfbærni“ þegar kemur að heimilunum?

Hvernig verður maður aktivisti?

Loftslagskvíði og litla ég - hvað er til ráða?

Hvernig verður borg sjálfbær?
Borgarumhverfisvernd

Einmanaleiki:
Hvernig býr maður til samfélag?

Hvað býður hringrásarhagkerfið upp á?

og fleiri...



Ef þið viljið leggja Heimili Heimsmarkmiðanna í Hannesarholti lið, þá er tekið við frjálsum framlögum hér:

rn. 0133-15-8607

kt. 710809-0890

tilvísun: HEIMS



Texti, umbrot og grafísk hönnun: Magnús Hallur Jónsson

Myndefni: *Teikning af Hannesarholti*: Argos Arkitektar, *Fjalldrapi* eftir Eggert Pétursson, *Ljósmynd af arinstofu*:

Hannesarholt, allar myndir fyrir kynningarefni fundanna: Magnús Hallur Jónsson og gervigreind, myndir af fundum: Ingi Vífill Guðmundsson.

HANNESARHOLT ses.

511-1904

[hannesarholt.is](#)
heimsmarkmid@hannesarholt.is

Grundarstígur 10
101 Reykjavík